



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 12

Staðsetning fundar: Efla, Lynghálsi 4

Dagsetning: 21. mars 2019, 15:00 – 17:30

Mættir eru: Þórhildur, Gyða Mjöll, Ragnar, Kristjana, Olga, Kristján og Bjarni

Fundarritari: Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

Dagskrá fundar:

- 1) **Samþykkja síðustu fundargerð**
- 2) **Fréttir úr starfinu (viðburðir, samstarf, starfsnemi, DGB)**
- 3) **Ársreikningurinn**
- 4) **Staðan á rannsóknarverkefnunum**
- 5) **LevelS (Ragnar)**
- 6) **Ársskýrsla**
- 7) **Önnur mál**



Fundurinn byrjaði á því að Gyða gekk með stjórnina um ný húsakynni Eflu. Gaman að sjá.

1) Samþykkja síðustu fundargerð

Síðasta fundargerð er samþykkt af öllum stjórnarmeðlimum.

2) Fréttir úr starfinu (viðburðir, samstarf, starfsnemi, Dagur grænni byggðar)

Morgunspjall um BREEAM og gróðurveggi – vel heppnað

Skráning á dag Grænni byggðar komin í gang, um 33 skráðir

Skráningin að taka við sér. Auglýsa aftur þegar nær dregur.

Aðlögun á DGB – smá breytingar - dagskrá

Smá mannbreytingar tengt erindum sem Þórhildur er að vinna úr.

Viðburðurinn verður haldinn á Háskólatorgi, viðeigandi staðsetning að mati stjórnar. Ekki of formlegt umhverfi. Fáum salinn á góðu verði. Háma mun sjá um veitingar.

UBÍÍS skýrslan á lokametrinum – lok mars

Góð samantekt. Verður hjálplegt gagn.

Góðar starfsnemaumsóknir

Mjög flottar umsóknir hafa skilað sér inn í kjölfar auglýsingar um starfsnema Grænni byggðar sumarið 2019. Verður úr vöndu að ráða. Gaman að upplifa áhuga á félaginu.

Eindagi aðildagjalda 1. Apríl – 4 búnir að greiða

Styrkurinn 500.000 frá UAR kominn

Skipulagsverðlaunin – Grænni byggð tilnefndi Eddu Ívarsdóttur (Rvk)

Þórhildur verður jafnvel í dómnefnd.



Staðan á reikningnum núna í læðsta lagi

Það er von á peningum. Aðildagjöldin að koma inn. Búið að senda reikning fyrir 15% af styrknum frá MS.

Þáttaka í loftlagsfundi með umhverfis og skipulagráði

Heppnaðist vel – Þórhildur var með erindi.

Loftslagumræða – hvar getur Grænni byggð virkilega lagt sitt að mörkum til að sporna gegn þessari þróun. Er það efnisvalið, úrgangur eða hvað? Líftími, gæði, langtímahugsun. Það vantar heildarsýn á hvað ert byggt og hversu lengi byggingum er ætlað að endast.

Gæðahönnun skiptir höfuðmáli þar sem allur vistferillinn er tekinn með í reikninginn. Langtímahugsun er það sem vantar.

Umræða um vistvænni steypu – hvaða aðgerðir þarf að fara í til að gera steypuna vistvænni? Upprunavottun, öðruvísi blöndununarefni og magn sements. Magn steypu, ef til vill hægt að nota minna.

Væri ef til vill sterkt að Grænni byggð sendi frá sér stefnuplagg.

Vindmyllur – jákvæð umræða um vindmyllur. Afl sem við Íslendingar þyrftum að virkja betur.

Hugmyndir að viðburðum:

Byggingarval og efnisval – námskeið

BREEAM námskeið (arkitektar, verkfræðistofur og GB saman?). Fyrirspurn frá Endurmenntun HÍ.

Viðburður um ný í byggingariðnaði (Gyða ætlar að fá upplýsingar hjá Hafsteini á Eflu um ráðstefnu um ný byggingarefni í Berlin).

Vottun skipulags – leggja meiri áherslu á það?

3) Ársreikningurinn

Tap á milli ára skýrist í því að það voru færðar 5 milljónir á milli ára. Það er verið að nota ca. 12 milljónir í reksturinn á ári.

Stjórnin fór yfir kostnaðarliði félagsins. Engar stórvægilegar athugasemdir.



4) Staðan á rannsóknarverkefnunum

Í góðum gangi hjá Þórhildi. Starfsnemi kemur jafnvel inn í þá vinnu í sumar.

5) LevelS (Ragnar)

Ragnar hélt kynningu á LevelS fyrir stjórnina. LevelS er samræmt mat á sjálfbærni bygginga.

LevelS(s) er samræmd matsaðferð til að lýsa sjálfbærni bygginga. Framkvæmdin er í þróun á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (FE)

Markmiðið með Stigum er að nálgast fjárfesta í byggingargeiranum. Þannig að þeir sjái hag í að beita svona aðferðum.

Samræmt matskerfi – kerfið þarf að vera þannig að allir geri unnið á sama stigi, samræmd vinnubrögð.

Með samræmingu er líka vonast til þess að það skapist hvatning á markaði fyrir sjálfbærni.

Markmið að flýta þróun í átt að sjálfbærni innan aðildaríkjanna. Ásamt því að auka fjölbreytni þeirra bygginga þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi og þá sérstaklega á íbúðamarkaðnum.

Hvetja yfirvöld aðildaríkjanna til þess að móta áherslur sem leiða til aukinnar sjálfbærni í byggingariðnaði.

Byggir á gildandi stöðlum – það er ekki verið að búa til neitt nýtt. Á að geta gengið þvert á lönd og aðstæður án aðlögunar.

- Veitir byggingaiðnaðinum langtímasýn
- Boðar nýjar aðgerðir við verðmætamat á fasteignamarkaði
- Byggir á gildandi stöðlum
- Leggur áherslu á fleiri þætti en orkunotkun og byggir á lífsferilhugsun
- Styður og hvetur til notkunar á ríkjandi vottunarkerfum
- Gerir mögulegan samiburð á sjálfbærni bygginga

Handbækur kerfisins gefnar út 2017 og eru öllum aðgengilegar.

Með þessu á að vera hægt að meta frammistöðu bygginga á hvaða vistferilsskeiði í líftíma byggingarinnar sem er og prófunarverkefnin eiga að endurspegla þetta.

Innleiðing:

Að prófunum loknum er ætlunin að innleiða Stig hjá öllum aðildarríkjunum Evrópusambandsins. Til þess að innleiðingin verði farsæl þarf að samræma aðgerðir á mörgum stigum samfélagsins.

Matsvísar eru 6:

1. Losun gróðurhúsalofttegunda



2. Líftími byggingarefna
3. Vatnsnotkun
4. Heilsa og þægindi
5. Aðlögunarhæfni gagnvart loftslagsbreytingum
6. Hámörkun líftímakostnaðar og verðmæta

Matsstig

Hvern og einn matsvísi má meta á þremur mismunandi nákvæmnisstigum.

Mat á almennri frammistöðu

Samanburðarhæft mat á frammistöðu

Hagnýtt mat á frammistöðu

Mjög fín kynning hjá Ragnari. Áhugavert kerfi sem þyrfti að komast á koppinn á Íslandi. Þarf top-down nálgun. Þarf að koma þessu inn hjá stjórnvöldum. Þau þurfa að taka þennan bolta.

Þessi samræmda sýn og samræmdu vinnubrögð hljóma vel og full þörf á að íslensk stjórnvöld skoði þetta og innleiði.

Stjórnin þakkar Ragnari kærlega fyrir góða og upplýsandi kynningu.

6) **Ársskýrsla**

Dagur Grænni byggðar í fyrsta sinn

Innganga í WGBC

Nafnabreyting

Þáttaka í GBC í Osló og Amsterdam

18 viðburðir með góðri þáttöku 😊

Útvarpsviðtöl x2 og Fréttir Stöðvar 2

Engin umfjöllun í blöðum 😞

Stjórnin – input? Pistill?

Stjórnarformaðurinn Gyða tekur saman smá pistil í ársskýrsluna.



7) Önnur mál

Aðalfundur – dagsetning

Mánudagurinn 15. apríl. Stefnt að því.

Næsti stjórnarfundur verður eftir dag Grænni byggðar. Dagsetning ekki ákveðin. Stjórnin verður saman þann 11. apríl á Degi grænni byggðar.

Stjórn þakkar Gyðu Mjöll kærlega fyrir heimboðið.

Fundi slitið 17:24